

Ed.

454. Frumvarp

til laga um lax- og silungsveiði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 388, með þessum breytingum:

14. gr. hljóðar svo:

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau er lax má í veiða.
2. Eigi má hafa ádrátt í sjó nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó.

17. gr. hljóðar svo:

1. Á veiðitíma þeim, er getur um í 16. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður fyrir allri veiði, annari en stangarveiði, 60 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til mánudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má auk þess aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis, og aldrei nema þrjá daga í viku hverri, frá mánudegi til miðvikudags. Þó getur ráðherra, eftir tillögum veiðimálastjóra, leyft, að hafa megi ádrátt í á fjóra daga í viku, ef drættir eru fáir og skammir í ánni.

2. Ráðherra getur ákveðið, að friðun sú, sem ræðir um í 1. málsg., skuli gilda aðra daga ofar í á en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til að jafna fiskgengd í vatninu.

33. gr. hljóðar svo:

Nú rennur á í kvislum, og skal þá svo haga veiði í kvisl hverri sem væri hún sjálfstæð á. Þó getur ráðherra, eftir tillögu veiðimálastjóra, veitt heimild til að leggja veiðivélar út í miðja kvisl, ef ekki er lagt nema í eina.